**Námsáætlun fyrir textílmennt - 1. bekkur**
**skólaárið 2024– 2025**

**Kennari:** Birna Petrína Sigurgeirsdóttir
**Tímafjöldi:** 2 kennslustundir á viku einn þriðja af skólaárinu.

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Handverk, aðferðir og tækni** | -notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum<br><br>-unnið úr nokkrum gerðum textílefna<br><br>-unnið eftir einföldum leiðbeiningum | Nemendur læra að þræða þráð, sauma þræðispor og klippa ólík textílefni út frá sniði.<br><br>Nemendur búa til textílorm úr mismunandi formum.<br><br>Nemendur læra að vefa úr þráði, vefa á pappaspjald og skreyta.<br><br>Nemendur þæfa ullarkembu utan um stein og skapa sitt eigið tröll. | Kennari sinnir leiðsagnarmati við verkefnavinnu nemenda.<br><br>Vinnubrögð og færni er metin í gegnum verklega vinnu. |
| **Sköpun, hönnun og útfærsla** | -tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu<br><br>-skreytt textílvinnu á einfaldan hátt | Nemendur útfæra eigin hugmyndir af tröllí sem þeir þæfa utan um stein og skreyta.<br><br>Nemendur teikna á textílefni með tússlitum og búa til poka undir verkefni vetrarins.<br><br>Nemendur skreyta vefnað sem þeir hafa ofið. | Metin er hugmyndavinna sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Menning og umhverfi** | -notað ný og endurunnin efni í textílvinnu | Nemendur nota ólík textílefni, ný og endurunnin við gerð verkefnanna. | Metin er hæfi til að vinna með ólík textílefni við verkefnagerð. |

**Námsgögn:**
Bækur, blöð og snið sem tengist textíl, verkefnahugmyndir og fræðslumyndbönd af veraldarvefnum ásamt efniviði og verkfærum í eigu skólans.

**Lokanámsmat:**
Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með bókstöfum og safna þannig á hæfnikort sitt.